



## Fellstún óskar eftir starfsmanni vegna afleysinga

<b>Tímabil starfa:</b>	Æskilegt að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst, í u.þ.b. eitt ár með möguleika á áframhaldandi ráðningu.
<b>Starfsstöð:</b>	Fellstún 19
<b>Starfshlutfall:</b>	94% starfshlutfall.
<b>Starfsheiti:</b>	Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk II.
<b>Lýsing á starfinu:</b>	Starfsmaður starfar á heimili fyrir fatlaða einstaklinga. Starfið felur í sér að aðstoða fatlaða einstaklinga við athafnir daglegs lífs, s.s. við umönnun og afþreyingu ásamt öðrum verkefnum. Unnið er eftir hugmyndafræði um þjónandi leiðsögn og valdeflingu.
<b>Menntunarkröfur:</b>	Gerð er krafa um bílpróf. Önnur menntun er kostur.
<b>Hæfniskröfur:</b>	Leitað er eftir ábyrgðarfullum, jákvæðum og sveigjanlegum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa með fötluðu fólki. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, umhyggju, lipurð í mannlegum samskiptum, háttvísi og stundvísi. Þekking og reynsla af starfi með fötluðu fólki er kostur. Umsækjendur skulu hafa náð 18 ára aldri. Hreint sakavottorð í samræmi við lög um málefni fatlaðs fólks.
<b>Vinnutími:</b>	Unnið er á vöktum allan sólarhringinn.
<b>Launakjör:</b>	Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
<b>Umsóknarfrestur:</b>	<b>Er framlengdur til og með 24. febrúar 2019.</b>
<b>Nánari upplýsingar:</b>	Edda Haraldsdóttir, forstöðumaður, 453-6692, <a href="mailto:fellstun@skagafjordur.is">fellstun@skagafjordur.is</a> .
<b>Umsóknir:</b>	Umsóknum sem greina frá menntun og fyrri störfum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins <a href="http://www.skagafjordur.is">www.skagafjordur.is</a> (laus störf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Karlar, sem og konur, eru hvattir til að sækja um.